

Alþingi  
Erindi nr. P 130/1061

komudagur 23. 2. 2004

Nefndasvið Alþingis  
Umhverfisnefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

LÖGMANNSSTOFAN  
Skeifunni

Oddný Mjöll Arnardóttir hdl. Ph.D

Skeifunni 11a 3.h. • 108 Reykjavík  
568 8640 • 568 7488 • fax 568 9585  
oma@simnet.is

Reykjavík 23. febrúar 2004

**Efni: Athugasemdir við tillögu til þingsályktunar um náttúruverndaráætlun 2004-2008, 130. löggjafarþing 2003-2004, þskj. 716 — 477. mál.**

Athugasemdirnar varða landsvæði austan við Tungufljót í landi Kjarnholta II og III, í um 2 – 5 km. fjarlægð frá Geysissvæðinu.

Samkvæmt náttúruminjaskrá er hverasvæðið við Geysi friðlýst, alls 15 ha. Samkvæmt tillögu til þingsályktunar um náttúruverndaráætlun er ráðgert að “Geysissvæðið í Haukadal, ásamt 5 km. jaðarsvæði umhverfis” verði friðlýst en tekið er fram að mörk svæðisins séu sett fram með fyrirvara og að líta beri á þau sem tillögur að mörkum sem nánar verði fjallað um við undirbúning friðlýsingar. Með skilgreiningu “jaðarsvæðis” umhverfis Geysi við 5 km. radíus frá hverasvæðinu sjálfu er um verulega stækkun verndarsvæðis að ræða sem hefur það í för með sér að stórir hlutar jarðanna Kjarnholta II og III liggja innan hins friðlýsta svæðis. Verður að ganga úr frá því að hið 5 km jaðarsvæði sé markað með vísan til 2. tl. 1. mgr. 53. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999 þar sem fram kemur að friðlýsa skuli svæði í kringum náttúrumyndanir svo sem nauðsynlegt er til þess að þær fái notið sín. Við blasir að megintilgangur jaðarsvæðisins sé sá að takmarka jarðhitavinnslu en ekki verður séð að annarskonar takmarkanir á framkvæmdum eða nýtingu jarðanna geti átt við. Eftirfarandi athugasemdir eiga því við um takmarkanir á jarðhitavinnslu en jafnframt er áskilinn réttur til að gera athugasemdir við hverskonar aðrar takmarkanir á eignarráðum landeigenda á síðari stigum.

Eigendur jarðanna Kjarnholt II og III gera í ljósi ofangreinds eftirfarandi athugasemdir við þingsályktunartillöguna eins og hún liggur nú fyrir:

1. Aðfinnsluvert er að ekki er skilgreint eða skýrt í náttúruverndaráætlun hvað átt er við með hugtakinu “jaðarsvæði” eða hvaða þýðingu það hefur að svæði er skilgreint sem jaðarsvæði náttúruvættis. Eru landeigendur og opinberir aðilar sem taka þurfa ákvarðanir um nýtingu og meðferð slíkra landsvæða, s.s. skipulagsyfirvöld, í algerri óvissu um það hver áhrif það hefur á venjuleg eignarráð fasteignaeigenda að eignir þeirra eru friðlýstar sem “jaðarsvæði” náttúruvættis eða að slík friðlýsing sé í vændum.


2. Í Kjarnholtum II og III hefur verið borað eftir heitu vatni í tvígang, árið 1996 og árið 2003. Þar eru nú tvær holur sem gefa heitt vatn, önnur í um 3 km. fjarlægð frá Geysi og hin í um 2 km. fjarlægð frá Geysi. Auk góðs árangurs hafa fengist gagnlegar upplýsingar um möguleika á heitu vatni víðar í landi jarðanna með greindum borholum og öðrum rannsóknarholum sem boraðar hafa verið á jörðunum. Hafa landeigendur fjárfest verulega í ofangreindum jarðhitarannsóknnum og – framkvæmdum. Landeigendur hafa því fullan hug á því að nýta jarðhitahlunnindi jarðarinnar. Nú þegar er heitt vatn úr eldri borholunni nýtt á Kjarnholtabæjunum og í orlofshúsabyggð á jörðinni. Til framtíðar hafa landeigendur einnig litið til þess að

mikil eftirspurn er á svæðinu eftir heitu vatni en heitavatnsöflun sjálfs Geysissvæðissins (hótel og heilsárshús) er óleyst til framtíðar auk þess sem fyrirhugað er að reisa fjölda orlofshúsa á nærliggjandi jörðum. Þá er í skipulagi í Kjarnholtum gert ráð fyrir frekari orlofshúsaþyggð og smáíðnaði sem geti nýtt heitt vatn. Eigendur jarðanna Kjarnholta II og III mótmæla því að mörk jaðarsvæðis í kringum Geysissvæðið verði dregin svo vítt sem náttúruverndaráætlun gerir ráð fyrir (5 km.). Hvergi er í náttúruverndaráætlun að finna rök fyrir svo víðum mörkum. Er drög að náttúruverndaráætlun voru unnin gerðu eigendur Kjarnholta II og III athugasemdir og bentu m.a. á það að ekkert hefði verið gert til að rannsaka hvort vinnsla úr borholum í 1-4 km. fjarlægð frá hverasvæðinu við Geysi hefði áhrif hverina, þótt tækifæri til þess hefðu blasað við í a.m.k. áratug, sbr. meðf. bréf dags. 9. júní 2003. Yngri borholan í Kjarnholtum er í um 2 km. fjarlægð frá Geysissvæðinu. Um áramótin 2003-2004 gerðu Íslenskar orkurannsóknir vandaða rannsókn sem kostuð var eigendum borholunnar og sýndi m.a. fram á það að dæling úr holunni hafði engin áhrif á gostíðni Geysis og Strokks, sbr. meðf. minnisblað Kristjáns Sæmundssonar hjá Íslenskum orkurannsóknnum, dags. 19. febrúar 2004.

3. Með takmörkun á jarðhitavinnslu í landi Kjarnholta II og III eru eignarráð landeigenda skert verulega og einstaklingsbundið með tilheyrandi fjárhagslegu tjóni. Til slíkra skerðinga verða að liggja skýrar, lögmætar og málefnalegar ástæður. Eina rannsóknin sem vitað er til að gerð hafi verið sýnir að heitavatnsvinnsla í landi Kjarnholta hefur engin áhrif á gostíðni Geysis og Strokks. Án þess að sýnt hafi verið fram á það með óyggjandi hætti að jarðhitavinnsla í landi Kjarnholta hafi áhrif á hverasvæðið við Geysi verður ekki talið að lögmætur efnislegur grundvöllur sé fyrir friðun sem takmarki þar jarðhitavinnslu. Jafnvel þótt unnt væri að rökstyðja slíka takmörkun efnislega raskar hún friðhelgi eignarréttar landeigenda svo verulega að ekki verður við unað bóttalaust, sbr. 1. mgr. 72. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944 og 1. gr. viðauka 1 við Mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994. Er enda gert ráð fyrir samningum við landeigendur um bætur eða eignarnámi í VII. kafla laga um náttúruvernd nr. 44/1999. Samþykkt náttúruverndaráætlunar felur þannig í sér að það stofnast til eignarnámsheimildar yfir jarðhitaréttindum landeigenda innan “jaðarsvæðisins”. Þar til samningar hafa tekist eða eignarnám farið fram eru eigendur samt sem áður vegna opinberrar áætlunar um friðlýsingu eigna sinna háðir væntanlegri friðlýsingu og eignarnámi í framtíðinni og þannig settir í algera óvissu um nýtingu jarðhitaréttinda sinna sem þeir hafa þegar fjárfest verulega í til framtíðar. Með vísan til þekkts fordæmis Mannréttindadómstóls Evrópu í málinu *Sporrong og Lönnroth gegn Svíþjóð* (23.09.1982, Series A, 52) er ljóst að slík staða ásamt eignarnámsheimild, þótt ónýtt sé og verði fyrirsjáanlega um hrið, verður ekki heldur lögð á einstaka landeigendur bóttalaust.

Virðingarfyllst,

F.h. landeigenda Kjarnholta II og III

  
Oddný Mjöll Arnardóttir, hdl.

Meðf. gögn:

Minnisblað Kristjáns Sæmundssonar hjá Íslenskum orkurannsóknnum, dags. 19. febrúar 2004.

Bréf landeigenda til Umhverfisstofnunar, dags. 9. júní 2003.